

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um nálgunarbann.

1. *Hversu margar kröfur um nálgunarbann hafa borist Héraðsdómi Reykjavíkur sl. fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir lögregluembætti og mánuði.*

	Kröfur um nálgunarbann	Þar af hafnað, afturkölluð eða vísað frá dómi	Þar af samþykkt
2019	9	0	9
2020	10	1	9
2021	9	2	7
2022	14	1	13
2023	7	1	6
<b>Samtals</b>	<b>49</b>	<b>5</b>	<b>44</b>

Árið 2019 bárust samtals níu kröfur. Í mars bárust tvær, í apríl barst ein, í maí barst ein, í júní bárust tvær, í september bárust tvær og í nóvember barst ein.

Árið 2020 bárust samtals 10 kröfur. Í janúar barst ein, í júní bárust tvær, í júlí bárust þrjár, í september barst ein, í október barst ein, í nóvember barst ein og í desember barst ein.

Árið 2021 bárust samtals níu kröfur. Í febrúar barst ein, í mars bárust tvær, í júní barst ein, í ágúst bárust tvær, í október barst ein, í nóvember barst ein og í desember barst ein.

Árið 2022 bárust samtals 14 kröfur. Í febrúar barst ein, í mars bárust þrjár, í apríl bárust tvær, í júní barst ein, í september bárust þrjár, í október barst ein og í desember bárust þrjár.

Árið 2023 bárust samtals sjö kröfur. Í júní barst ein, í ágúst bárust tvær, í september barst ein, í október barst ein og í desember bárust tvær.

2. *Í hversu mörgum tilvikum var fallist á kröfu lögreglustjóra og hversu oft var henni hafnað? Svar óskast sundurliðað eftir lögregluembætti og mánuði.*

Árið 2019: Í mars var krafa tekin til greina í tveimur tilvikum, í apríl var krafa tekin til greina í einu tilviki, í maí var krafa tekin til greina í einu tilviki, í júní var krafa tekin til greina í tveimur tilvikum, í september var krafa tekin til greina í tveimur tilvikum og í nóvember var krafa tekin til greina í einu tilviki.

Árið 2020: Í janúar var krafa tekin til greina í einu tilviki, í júní var krafa tekin til greina í einu tilviki og í einu tilviki var kröfu hafnað, í júlí var krafa tekin til greina í þremur tilvikum, í september var krafa tekin til greina í einu tilviki, í október var krafa tekin til greina í einu tilviki, í nóvember var krafa tekin til greina að hluta í einu tilviki og í desember var krafa tekin til greina að hluta í einu tilviki.

Árið 2021: Í febrúar var krafa tekin til greina í einu tilviki, í mars var kröfu vísað frá dómi í tveimur tilvikum, í júní var krafa tekin til greina í einu tilviki, í ágúst var krafa tekin til greina í tveimur tilvikum, í október var krafa tekin til greina í einu tilviki, í nóvember var krafa tekin til greina í einu tilviki og í desember var krafa tekin til greina í einu tilviki.

Árið 2022: Í febrúar var krafa tekin til greina í einu tilviki, í mars var krafa tekin til greina í tveimur tilvikum og hafnað í einu tilviki, í apríl var krafa tekin til greina í tveimur tilvikum, í júní var krafa tekin til greina í einu tilviki, í september var krafa tekin til greina í þremur tilvikum, í október var krafa tekin til greina í einu tilviki og í desember var krafa tekin til greina í þremur tilvikum.

Árið 2023: Í júní var krafa tekin til greina í einu tilviki, í ágúst var krafa tekin til greina í tveimur tilvikum, í september var krafa tekin til greina að hluta í einu tilviki, í október var krafa tekin til greina í einu tilviki og í desember var krafa afturkölluð í einu tilviki og tekin til greina að hluta í einu tilviki.

3. *Hversu oft hafa úrskurðir Héraðsdóms Reykjavíkur, sbr. 1. og 2. tölul., komið til kasta Landsréttar og hvert er staðfestingarhlutfallið*

Á framangreindu tímabili voru 39 úrskurðir Héraðsdóms Reykjavíkur varðandi kröfu um nálgunarbann kærðir til Landsréttar. Landsréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms í 25 tilfellum, eða 64% mála.